

### **3. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2017-2018

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík fimmtudaginn 26. október 2017 kl. 15:00

Mætt: Arnar Guðmundsson, Aðalsteinn Á Baldursson, Elías Pétursson í Skype, og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

#### **Á fundi gerðist þetta:**

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

#### **1. Erindi Landsnets v/ tilnefningar í verkefnaráð Hólasandslínu 3**

Landsnet óskar eftir að félagið tilnefni aðila til setu í verkefnaráði vegna Hólasandslínu 3. Er þess óskað að tilnefndir verði tveir einstaklingar af sitt hvori kyni og verður skipað í ráðið þannig að kynjahlutfalla verði gætt. Samþykkt að tilnefna Sif Jóhannesdóttur og Reinhard Reynisson.

#### **2. Breytingar á samningi félagsins við THOREGS ehf.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samkomulagi við THOREGS ehf. um minnkað mánaðarlegt vinnuframlag og lengri verktíma. Eru breytingarnar gerðar í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á verkefnið, en bæði er að þátttaka fyrirtækja í því er minni en vonir stóðu til en þess utan er heppilegra að vinna verkefnið yfir lengri tíma.

Stjórnin samþykkir þær breytingar sem lagðar eru til.

#### **3. Náms- og kynnisferð atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar til Kanada**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skipulagi og áætluðum kostnaði náms- og kynnisferðar atvinnuþróunarfélaganna undir forystu Byggðastofnunar til Kanada 13. – 18. maí 2018. Samþykkt að allt að þrjú starfsmenn félagsins eigi þess kost að taka þátt í ferðinni á kostnað þess með fyrirvara um rétt þeirra til framlaga úr starfsmenntunarsjóðum.

#### **4. Rekstraráætlun 2018**

Farið yfir drög að rekstraáætlun sem gerir ráð fyrir svipuðum rekstri og verið hefur að teknu tilliti til tímabundinna verkefna sem unnið er að og tilheyrandi breytinga í starfsmannahaldi. Að yfirferð lokinni var áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Undir þessum lið var rætt um breytingar á starfsmannahaldi félagsins á næsta ári, en starfsmaður sem verið hefur í leyfi mun koma til starfa á ný og starfsmaður sem sinnt hefur byggðaeftlingarverkefni á Raufarhöfn og vinnu vegna DMP (destination management planning) mun að óbreyttu láta af störfum í lok apríl. Þá er gert ráð fyrir að ráða nýjan verkefnisstjóra í byggðaeftlingarverkefnið í Öxarfirði.

#### **5. Starfsemi félagsins færð undir HNP bs. – möguleg útfærsla**

Farið yfir þær tvær megin útfærslur sem helst eru taldar koam til greina, þ.e. annars vegar að verkefnið færist beint undir byggðasamlagið og hins vegar að starfsemin verði sett í sjálfseignarstofnun með svipuð tengsl við byggðasamlagið og MMP hefur, þó

Þannig að atvinnurekendur og stéttarfélög hefðu beina aðkomu að fulltrúaráði slíkrar stofnunar sem myndi verða æðsta vald hennar.

Stjórnin tekur vel í þá útfærslu að starfsemin verði sett í sjálfseignarstofnun og leggur áherslu á að sameiginlegur vinnuhópur félagsins og HNP bs. komi saman og móti frekari tillögur að útfærslu.

## 6. Haustfundur atvinnuþróunarfélaganna – markmiðssetning félagsins

Farið yfir helstu markmið/áherslu í þeim verkefnaflokkum sem skilgreindir eru í samningi félagsins og Byggðastofnunar m.t.t. starfsemi félagsins á næsta ári og megin markmið skilgreind. Um er að ræða innlegg í sameiginlega vinnu atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar á haustfundi þeirra í næstu viku.

- **Atvinnu- og byggðaðpróun** – styrkja jaðarsvæði – auka fjölbreytni og sjálfbærni í atvinnulífi.
- **Atvinnuráðgjöf** – auka sýnileika / aðgengileika atvinnuráðgjafar á öllu svæðinu.
- **Nýsköpun** – vinna út frá núverandi atvinnulífi – nýta vannnýtt tækifæri / gæði / auðlindir / mannauð.
- **Búsetuþættir** – samgöngur /fjarskipti – aðgengi að þjónustu á svæðinu – félagslegur fjölbreytileiki.
- **Upplýsingaöflun** – atvinnumálakönnun – útvíkkun og uppfærsla innviðagreiningar.
- **Endurmenntun, samstarf o.fl.** – endurmenntun skv. þörfum sem starfsmenn skilgreini – HNP bs. – AFE – Eyþing – Íslandsstofa.

## 7. Þjónusta á austursvæði

Formaður vakti máls á nauðsyn þess að fastsetja og auka viðveru starfsmanna félagsins á austurhuta starfssvæðisins. Slíkt hefði m.a. hvetjandi áhrif varðandi sókn í styrktarsjóði sem hefur verið fremur dræm.

Samþykkt að taka skipulega viðveru starfsmanna innan starfssvæðisins upp í starfsáætlun næsta árs.

## 8. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15